



Þingmannatillaga um dánartíðni slökkviliðsmanna vegna krabbameins og flokkun ákveðinna tegunda krabbameins

Tillögur

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gangast fyrir norrænni rannsókn á slökkviliðsmönnum og krabbameini í því skyni að fá betri heildarmynd af stöðu rannsókna á þessu sviði

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að þróa flokkunarkerfi atvinnusjúkdóma þannig að þær tegundir krabbameins sem algengast er að slökkviliðsmenn fái verði taldar til atvinnusjúkdóma

að tryggja að slökkviliðsmenn sem veikjast af krabbameini vegna starfs síns fái viðeigandi bætur

að þróa heilbrigðisþjónustu á vegum vinnuveitenda og vinnuferli þannig að slökkviliðsmenn verði í minna mæli útsettir fyrir krabbameinsvaldandi efnum og fylgst verði með þeim

Skýringar

Slökkviliðsmenn komast í starfi sínu í snertingu við mörg krabbameinsvaldandi efni. Í byggingarefnum, innréttingum og heimilistækjum er ýmis konar plast og kemísk efni sem mynda eitruð efnasambönd þegar þau brenna. Mörg þessara eitrefna eru krabbameinsvaldandi og líkurnar á krabbameini aukast hjá þeim sem komast í snertingu við þau.

Stöðugt er verið að finna upp ný byggingar- og innréttingarefni (um þúsund ný efni eru skráð á hverju ári). Um allt að 80% þessara efna gildir að við þekkjum ekki til fullnustu áhrif þeirra eitruðu efnasambanda sem myndast við bruna þeirra. Enn síður er vitað hversu eitruð efnasamböndin frá mismunandi efnum verða þegar þau koma saman. Gert er ráð fyrir að eitrefnabrunar muni verða tíðari og þá mun jafnframt fjölga þeim slökkviliðsmönnum sem fá krabbamein.¹

Rannsóknir á krabbameini meðal slökkviliðsmanna

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á dánartíðni slökkviliðsmanna vegna krabbameins, meðal annars í Manitoba-fylki og í borgunum Toronto, New York og Cincinnati. Dánartíðni slökkviliðsmanna úr krabbameini hefur einnig verið rannsökuð í Evrópu, til dæmis í Svíþjóð og Frakklandi. Rannsóknirnar sýna að dánartíðni vegna krabbameins eykst greinilega í hlutfalli við fjölda starfsára slökkviliðsmanna.

Einstaklingar sem gerast slökkviliðsmenn eru við upphaf starfsferilsins heilbrigðari og í betra líkamsástandi en samsvarandi hópar á sama aldri. Líkurnar á að ungur slökkviliðsmaður deyi úr krabbameini eru 0,70–0,80, það er að segja minni en fyrir aðra hópa. Fimm ára starf sem slökkviliðsmaður tvöfaldar líkurnar á að deyja úr hvítblæði og dánarhlutfall vegna hvítblæðis eykst úr 0,80 í 2.²

Í Manitoba-fylki hófst árið 2009 safngreining á krabbameini í slökkviliðsmönnum. Í greiningunni var farið í gegnum allar meiriháttar rannsóknir á þessu sviði í heiminum sem gerðar voru á tímabilinu 1994–2001. Rannsóknirnar sýna tengsl milli starfs slökkviliðsmanna og dánartíðni af völdum krabbameins. Greiningin tók einnig til svokallaðs biðtíma, það er að segja hversu mörg ár slökkviliðsmaður vinnur áður en hættan á að fá krabbamein er orðin tvöfalt hærrí en hjá öðrum hópum. Fyrir krabbamein í heila er biðtíminn til dæmis tíu ár og fyrir hvítblæði fimm ár. Áhættan getur líka verið meiri en þessar tölur gefa til kynna því margar rannsóknar taka ekki tillit til þess að dánartíðni slökkviliðsmanna vegna krabbameins er lægri en annarra í upphafi starfsferilsins.

Slökkviliðsmenn eru einnig í aukinni hættu á að deyja úr lungnakrabbameini, þó erfitt sé að sanna það. Lungnakrabbamein er mjög algengt krabbamein og áhættan eykst með reykingum, og því er erfitt að sýna fram á tengslin. Til að geta sýna fram á tengslin þarf að skoða stóran hóp slökkviliðsmanna sem reykja ekki.³

Í Kanada var dánartíðni vegna krabbameins rannsökuð meðal slökkviliðsmanna í Toronto og nágrenni.⁴ Þar komu í ljós tengsl milli starfsins og ýmissa tegunda krabbameins. Til dæmis fór dánarhlutfall vegna krabbameins í heila upp í 6,25 eftir fimm til níu ára starf sem slökkviliðsmaður.⁵

Í Cincinatti voru kannaðar 32 mismunandi rannsóknir sem tóku til alls 110 þúsund slökkviliðsmanna.⁶ Niðurstaðan var að bein tengsl væru milli starfs slökkviliðsmanna og útsetningar þeirra fyrir hættulegum efnasamböndum (við innöndun og aðrar tegundir af upptöku) annars vegar og aukinnar dánartíðni vegna krabbameins hins vegar. Meðal annars eykst dánartíðni vegna eistna- og blöðruhálskirtilskrabbameins, húðkrabbameins,

¹ Krabbameinsvaldandi efni sem myndast í eldsvoða eru meðal annars PAH (fjölhringa arómatísk kolefni), klóruð vetniskolefni, bensen, PCB (fjólklóruð bifenyli), formaldehýð, bensedrín, asbest, vinyklórið, sót, tjara, olíur, radon, radín og arseník og efnasambönd þess.

² 1 er viðmiðunartalan.

³ Rannsóknir Guidottis árið 2007 sýndu meðal annars aukna dánartíðni vegna lungnakrabbameins.

⁴ Um eitt þúsund slökkviliðsmenn voru rannsakaðir á árunum 1950-1989.

⁵ Viðmiðunartalan er 1 (allir íbúar)

⁶ LeMasters & Lockey, 2007

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Afgreiðsla:

endaþarmskrabbameins og eitlakrabbameins sem ekki er af Hodgkins-gerð. Í Þýskalandi⁷ og á Nýja-Sjálandi hefur eistnakrabbamein einnig orðið sífellt algengara meðal slökkviliðsmanna.

Norðurlandaráð

Í Svíþjóð rannsaði Karólínska stofnunin í Stokkhólmi dánartíðni slökkviliðsmanna vegna krabbameins. Dánartíðni vegna magakrabbameins (1,93) og heilakrabbameins (4,96) reyndist vera hærri en hjá öðrum hópum.⁸ Líkurnar á krabbameini jukust eftir því sem starfsárin urðu fleiri. Samkvæmt niðurstöðum franskra rannsókna var dánarhlutfall slökkviliðsmanna 0,52. Með öðrum orðum voru þeir heilbrigðari en aðrir hópar, en dánarhlutfallið vegna krabbameins var undantekning. Til dæmis var dánarhlutfall vegna krabbameins í æxlunar- og þvagfærum 3,29, í meltingarfærum 1,14 og í öndunarfærum 1,12.

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Bótakerfi fyrir slökkviliðsmenn sem veikst hafa af krabbameini

Norðurlandaráð

Í ljósi þess að sýnt hefur verið fram á í mörgum rannsóknum að líkurnar á krabbameini séu hærri meðal slökkviliðsmanna en í öðrum hópum hafa til dæmis Bandaríkin og Kanada byrjað að greiða bætur til slökkviliðsmanna sem veikst hafa af krabbameini. Í Bandaríkjunum borga 43 fylki bætur vegna ýmissa krabbameinstegunda.⁹ Í þrettán fylkjum eru greiddar bætur vegna allra tegunda krabbameins.

Í Kanada greiða sjö fylki bætur til slökkviliðsmanna sem veikst hafa af krabbameini. Fyrsta fylkið sem hóf að greiða bætur var Manitoba-fylki. Í upphafi voru aðeins greiddar bætur vegna þeirra fimm tegunda krabbameins sem voru með hæsta dánartíðni: Heilakrabbamein, krabbamein í þvagblöðru, nýrnakrabbamein, eitlakrabbamein sem er ekki af Hodgkins-gerð og hvítblæði. Síðar hafa einnig verið greiddar bætur vegna annarra tegunda krabbameins. Til dæmis greiðir Manitoba-fylki einnig bætur vegna lungna-, þvagrásar-, ristil- og endaþarmskrabbameins (frá 2005), eistnakrabbameins og krabbameins í vélinda (frá 2005), brjóstakrabbameins, krabbameins í blöðruhálskirtli, mergæxlis og húðkrabbameins (frá 2010).

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Í Bandaríkjunum og Kanada fá slökkviliðsmenn bætur ef þeir veikjast eftir að hafa starfað í ákveðinn tíma sem slökkviliðsmenn (til dæmis ef þeir veikjast af hvítblæði eftir fimm ára starf, af heilakrabbameini eða eistnakrabbameini eftir tíu ára starf, eða af ristilkrabbameini eftir fimmtán ára starf). Ef slökkviliðsmaður deyr úr krabbameini sem skilgreint hefur verið sem atvinnusjúkdómur eru greiddar bætur til fjölskyldu hans. Fjölskyldur fá meðal annars greiddar dánarbætur, útfararstyrk og fjölskyldulífeyri (ekkjulífeyri og/eða barnalífeyri).

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Í Bandaríkjunum og Kanada tekur bótakerfið til allra slökkviliðsmanna, þar á meðal þeirra sem komnir eru á eftirlaun, sjálfbóðaliða og slökkviliðsmanna sem starfa innan hersins. Bæturnar eru greiddar sjálfkrafa, með öðrum orðum er ekki krafist neinnar sönnunar. Ríkið eða fylkið greiðir bæturnar.

Í norrænu löndunum gilda sérstök lög um atvinnusjúkdóma og vinnuslys. Til dæmis á samkvæmt finnskum lögum um atvinnusjúkdóma að greiða bætur á grundvelli laga um slysatryggingar (604/1948) ef rekja má sjúkdóminn til vinnuumhverfis, kemískra eða líffræðilegra þátta í

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Norðurlandaráð
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin
Flytjandi:
Blaðsíða 3 af 4
Málsnúmer 16-00042-2

⁷ Jockel, Ahrens & Elms, 2002

⁸ Tornling, Gustavsson & Hoystedt, 1994

⁹ Meðal annars krabbamein í taugakerfinu, heilakrabbamein, krabbamein í meltingarfærum og meltingarvegi (til dæmis krabbamein í munnni, hálsi, brisi, lifur, endaþarmi og ristli), beinkrabbamein, blóðkrabbamein (til dæmis hvítblæði eða mergæxli), krabbamein í öndunarfærum (til dæmis lungnakrabbamein, fleiðrukrabbamein), eitlakrabbamein (Hodgkins-eitlakrabbamein og eitlakrabbamein sem er ekki af Hodgkins-gerð), húðkrabbamein (til dæmis illkynja sortuæxli) og krabbamein í þvagfærum (til dæmis krabbamein í þvagblöðru eða þvagrás, eða nýrnakrabbamein).

Afgreiðsla:

starfinu.¹⁰ Finnsla slysatryggingamiðstöðin heldur tryggingaskrá yfir atvinnusjúkdóma¹¹ og samkvæmt skránni hafa slökkviliðsmenn fengið atvinnusjúkdómabætur vegna lungnakrabbameins. Á árunum 2005–2011 hafa fjórum sinnum verið borgaðar bætur vegna miðþekjuæxlis (krabbameins af völdum asbestútsetningar). Í þremur þessara tilvika var krabbameinið flokkað sem miðþekjuæxli í fleiðru. Einnig hafa verið greiddar bætur vegna einnar annarrar tegundar lungnakrabbameins.¹² Í einu tilviki hefur leikið grunur á að lungnakrabbamein væri atvinnusjúkdómur.¹³ Samkvæmt skránni finnsku slysatryggingamiðstöðvarinnar virðist lungnakrabbamein teljast til vinnuslysa/atvinnusjúkdóma slökkviliðsmanna, en ekki aðrar tegundir krabbameins.

Það hversu miklar líkur eru á krabbameini meðal slökkviliðsmanna felur einnig í sér áskoranir hvað varðar eftirlit með heilsu þeirra. Reglulega þyrfti að athuga útsetningu slökkviliðsmanna fyrir krabbameinsvaldandi efnum, til dæmis með því að mæla leifar af ákveðnum eitrefnum í þvagi.¹⁴ Einnig þyrfti að fylgjast með breytingum á heilbrigðisástandi slökkviliðsmanna þannig að hægt sé að uppgötva krabbamein á fyrstu stigum þegar batahorfur eru betri. Einnig þarf að draga úr útsetningu fyrir krabbameinsvaldandi efnum með því að slökkviliðsverkefnum loknum, handþvotti, umsýslu slökkvibúnaðar, eftirliti og svo framvegis.¹⁵

Helsinki, 25. janúar 2016

Ari Jalonen (sannf)
Arja Juvonen (sannf)
Jan Erik Messmann (DF)
Juho Eerola (sannf)

Laura Huhtasaari (sannf)
Liselott Blixt (DF)
Mikkel Dencker (DF)

¹⁰ Lög um atvinnusjúkdóma 1988/1343, 1 §.

¹¹ Lög um slysatryggingar 64 §.

¹² C34,1 krabbamein í efri hluta lungna eða berkjum.

¹³ C34 berkja- og/eða lungnakrabbamein.

¹⁴ Til dæmis 1-hydroxypyrene og 2-naftol

¹⁵ Það er hættulegast að verða útsettur gegnum húðina og eftir bruna þyrfti að hreinsa vandlega sót af húðinni og þvo vinnuföt. Með réttum búnaði er hægt að draga úr útsetningu húðarinnar.

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Flytjandi:
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 16-00042-2

Norðurlandaráð

A 1677/válfärd

Norðurlandaráð
Norrænt frelsi

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin
Flytjandi:
Blasíða 4 af 4
Málsnúmer 16-00042-2

Afgreiðsla: